

Þriðjudaginn 4. desember 1990.

Nr. 227/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Björgvin Þór Ríkharðssyni

(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1990 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara, færslu brots til refsí-
ákvæðis svo og ákvörðun hans um refsingu ákærða.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest. Með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála kemur skaðabótakrafa sú, sem höfð var uppi í héraði, ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björgvin Þór Ríkharðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 253/1990: Ákærvaldið gegn Björgvin Þór Ríkharðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 30. mars sl., á hendur ákærða, Björgvin Þór Ríkharðssyni, Þórsögðu 13, Reykjavík, fæddum 15. mars 1966, fæðingarnúmer 402, „fyrir skjalafals með því að selja þann 20. október 1989 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 17.804,90, útgefinn 12. október 1989 af Byggðaverki hf. til Gunnlaugs Þórs Briem á reikning nr. 769 í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði, en ákærði hafði falsað nafn þess manns sem framseljanda á tékkann og síðan framselt hann með eigin nafni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur skýlaust játað fyrir dómi að hafa hinn 20. október sl. selt í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, tékka að fjárhæð kr. 17.804,90, útgefinn 12. október sl. af Byggðaverki hf. til Gunnlaugs Þórs Briem á reikning nr. 769 í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði, en ákærði hafði þá falsað nafn fyrrnefnds Gunnlaugs Þórs Briem sem framseljanda á tékkann. Ákærði framseldi síðan tékkann í eigin nafni í bankanum. Hefur ákærði með atferli þessu orðið brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir: 1985 29/8 Sakadómur Rvík. Nr. 2388. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 49. og 50. gr. umfl.

1987 6/5 Sakadómur Rvík. Nr. 402. Dómur: Fangelsi 4 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. alm. hgl.

1987 25/9 Sakadómur Rvík. Nr. 518. Dómur: Fangelsi 6 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 6.5. '87 dæmdur með.

1988 18/3 Sakadómur Rvík. Nr. 177. Dómur: Fangelsi 8 mán., skb. 3 ár, hegningarauki, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1988 6/10 Sakadómur Rvík. Nr. 518. Dómur: Fangelsi 9 mán. f. brot g. 248. gr. alm. hgl. Dómur frá 18.3. '88 dæmdur með.

1988 16/12 Sakadómur Rvík. Nr. 678. Dómur: Fangelsi 3 mán., hegningarauki f. brot g. 1. mgr. 155. og 248. gr. alm. hgl.

1989 9/3 Sakadómur Rvík. Nr. 100. Dómur: Fangelsi 6 mán., hegningarauki, f. brot g. 1. mgr. 155., 244. og 248. gr. alm. hgl.

Þann 19. júlí 1989 var ákærða veitt skilorðsbundin reynslulausn á 270 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt dómunum frá 6. október 1988, 16. desember 1988 og 9. mars 1989.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en hann hefur með háttsemi þeirri, sem um ræðir í ákæru

þessari, rofið skilyrði framangreindrar reynslulausnar. Ber nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga og reglum 60. gr. sömu laga að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af refsivist þeirri, sem ákærða var veitt reynslulausn á og ólokið er. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði. Með vísan til sakaferils ákærða þykir eigi fært að skilorðsbinda refsinguna.

Gunnlaugur Þór Briem, kt. 271269-3079, Laugateigi 19, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði greiði sér í skaðabætur fjárhæð ofangreinds tékka, kr. 17.804,90, auk vaxta frá söludegi hans, 20. október 1989, til greiðsludags. Ákærði gerir engar athugasemdir vegna kröfu þessarar.

Einungis hefur verið lagt fram í máli þessu ljósrit umrædds tékka. Þykir þar af leiðandi eigi unnt að taka kröfuna til greina, og er henni vísað frá sakadóminum ex officio.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björgvin Þór Ríkhartsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Skaðabótakröfu Gunnlaugs Þórs Briem, kt. 271269-3079, Laugateigi 19, Reykjavík, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.